

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 92/2024

2024/EES/60/10

frá 26. apríl 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1464 frá 14. júlí 2023 um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 að því er varðar formaldehýð og formaldehýðlosandi efni ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1155 frá 9. júní 2023 um óleyst andmæli varðandi skilmála og skilyrði leyfis fyrir sæfivörunni Rapid Pro sem Frakkland vísaði áfram í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1157 frá 9. júní 2023 um óleyst andmæli varðandi skilmála og skilyrði leyfis fyrir sæfivörunni Virazan sem Frakkland vísaði áfram í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽³⁾.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

l. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006):

„— **32023 R 1464:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1464 frá 14. júlí 2023 (Stjtið. ESB L 180, 17.7.2023, bls. 12).“

2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 12zzzzzzzzze (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1530):

„12zzzzzzzzzf. **32023 D 1155:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1155 frá 9. júní 2023 um óleyst andmæli varðandi skilmála og skilyrði leyfis fyrir sæfivörunni Rapid Pro sem Frakkland vísaði áfram í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 152, 13.6.2023, bls. 13).

12zzzzzzzzzg. **32023 D 1157:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1157 frá 9. júní 2023 um óleyst andmæli varðandi skilmála og skilyrði leyfis fyrir sæfivörunni Virazan sem Frakkland vísaði áfram í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 152, 13.6.2023, bls. 21).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 180, 17.7.2023, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 152, 13.6.2023, bls. 13.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 152, 13.6.2023, bls. 21.

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2023/1464 og framkvæmdarákvarðana (ESB) 2023/1155 og (ESB) 2023/1157, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. apríl 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.